

Starfsreglur VR Suðurlandsdeildar

1. gr. Heiti og starfssvæði

Deildin heitir VR Suðurlandsdeild og félagssvæði hennar nær yfir Árnassýslu, Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu, ásamt kaupstöðum á svæðinu. Félagsmenn eru VR félagar starfandi á félagssvæðinu.

2. gr. Tilgangur

- Að ná fram og koma til skila afstöðu félagsmanna VR sem starfandi eru á svæðinu til þeirra mála er snúa að kjarasamningum og aðbúnaði félagsmanna á starfssvæðinu.
- Að halda uppi félagsstarfi á svæðinu.
- Að taka þátt í starfi hagsmunasamtaka á svæðinu og koma fram fyrir hönd félagsmanna.
- Að taka þátt í samstarfi annara stéttarféлага á svæðinu í samráði við stjórn VR.
- Að taka þátt í starfi VR.

3. gr. Stjórn og stjórnarkjör

Stjórn deildarinnar skipa þrjú menn og þrjú til vara sem kosnir skulu á ársfundi deildarinnar. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Formaður skal kosinn sérstaklega. Það ár sem formaður er kosinn skal kjósa 1 stjórnarmann og 1 varamann. Hitt árið skal kjósa 1 stjórnarmann og 2 varamenn. Varamenn skal kjósa til 2 ára. Stjórn kys sér varaformann og ritara sem skal sjá um að færa fundargerðir. Kjörgengir eru fullgildir félagsmenn VR sem starfandi eru á svæðinu. Framboð til formanns og stjórnar þurfa að berast til stjórnar deildarinnar a.m.k. sjö dögum fyrir ársfund.

4. gr. Félagssfundir

Félagssfundir skulu haldnir þegar stjórn álitur þess þörf eða ef minnst 25 fullgildir félagsmenn óska þess. Fundir skulu boðaðir með minnst fjögurra sólarhringa fyrirvara með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsmanna á svæðinu. Fundum deildarinnar skal stjórnað eftir almennum fundasköpum. Fundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

5. gr. Ársfundur

Ársfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Ársfundur skal boðaður með minnst sjö daga fyrirvara með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsmanna á svæðinu. Ársfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á ársfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Lagabreytingar ef fyrir liggja
3. Kjör stjórnar og fulltrúa deildarinnar
 - 3.1. Kjör formanns til 2 ára
 - 3.2. Kjör meðstjórnenda til 2 ára
 - 3.3. Kjör varamanna til 2 ára
 - 3.4. Kjör fulltrúa deildarinnar í stjórnir og ráð hagsmunaaðila á svæðinu
4. Fjárhagsáætlun um félagslegt starf deildarinnar lögð fram
5. Önnur mál

6. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum mál breyta á ársfundi deildarinnar, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist til stjórnar deildarinnar sjö dögum fyrir ársfund. Einnig er heimilt að breyta lögum á félagsfundi, hafi lagabreytingar áður verið ræddar á félagsfundi og þeirra getið í fundarboði. Breytingar á lögum koma fyrst til framkvæmda er stjórn VR hefur staðfest þær.

7. gr. Niðurlagning deildarinnar

Deildin verður ekki lögð niður nema $\frac{3}{4}$ félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

8. gr. Ákvæði um fyrsta stjórnarkjör

Á stofnfundi deildarinnar skal kosinn formaður, 1 stjórnarmaður og 1 til vara til tveggja ára og 1 stjórnarmaður og 2 til vara til eins árs. 8. gr. fellur niður að loknum stofnfundi deildarinnar.

Samþykkt á stofnfundi VR Suðurlandsdeildar 27. apríl 2017